

Markmið

Megintilgangur dönskunáms er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Námið á að leiða til þess að nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli af ólíkum toga og til að beita málinu í samskiptum.

Kennsluaðferðir/vinnulag

Notast er við fjölbreyttar kennsluaðferðir þar sem nemendur þjálfast í lestri, ritun, töluðu máli og hlustun.

Unnið er ýmist einstaklingslega, í þörum eða litlum hópum.

Haustönn: Kennslubókin Ekko er fyrirferðamest

Helstu þemu eru Skólinn, Íþróttir og hreyfing og Matur.

Áhersla er lögð á að virkja nemendur í skapandi verkefnum s.s. að taka upp sinn eigin matreiðsluþátt þar sem nemendur matreiða sjálfir og tala dönsku á meðan.

Nemendum tileinka sér sjálfstæð vinnubrögð og bera ábyrgð á eigin námi.

Námsmat

Framvinda námsins er skráð jafnt og þétt allt skólaárið í Mentor. Námsmat byggist á ýmsum verkefnum t.d. munnlegum, verklegum og skriflegum sem tengd eru hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár.

Námsmat er skráð með hæfnitáknum á yngsta- og miðstigi.

Á unglingastigi eru hæfnitákn skráð, við lok skólaárs er námsmat skráð með bókstöfum.

Námsgögn

Ekko lesbók <https://mms.is/namsefni/ekko-opgavebog-a-rafbok>

Ekko vinnubók <https://mms.is/namsefni/ekko-opgavebog-a-rafbok>

Koldt blóð léttlestrarbók

Pinligt

Ýmsir textar af netinu

Danskar kvikmyndir